



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

22. febrúar 2022

Mál nr. E-3273/2021:

Stefnandi: A

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

Stefndi: Íslenska ríkið

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Dómari: Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. febrúar 2022 í máli nr. E-3273/2021:

A

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

1. Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl., var höfðað þann 16. júní 2021. Stefnandi er A, [...], en stefndi er íslenska ríkið.
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða sér 7.900.000 krónur með almennum vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2010 til 19. mars 2020, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
3. Dómkröfur stefnda eru aðallega sýkna af kröfu stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar en til vara er krafist lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Yfirlit málavaxta og ágreiningsefna

4. Þann [...] 2010 gerði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu húsleit á heimili stefnanda og [...] B í tengslum við rannsókn lögreglu á stórfelldum ætluðum brotum gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og gegn peningaþvættisákvæði almennra hegningarlaga, sbr. 264. gr. laganna. Við húsleitina fundust rúm [...] kg af ætluðu hassi í [...] og [...] krónur í reiðufé. Í kjölfarið var stefnandi hnepptur í gæsluvarðhald sem síðan var framlengt tvívegis áður en honum var sleppt úr haldi.

5. Í fyrsta úrskurði um gæsluvarðhald yfir stefnanda sem kveðinn var upp að kvöldi þann [...] 2010, þ.e. degi eftir framangreinda húsleit, kom fram að hann væri eftir húsleitina undir rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum, þ.e. að hafa vitandi vits geymt mikið magn fíkniefna sem koma hafi átt í sölundreifingu héraðs. Var gæsluvarðhald kveðið upp á grundvelli rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, og stefnandi látinn sæta einangrun. Þann sama dag var stefnandi yfirheyrður af lögreglu en skv. fyrirbyggjandi samantekt lögreglu má ætla að yfirheyrslan hafi varðað hin ætluðu fíkniefni sem fundust á heimili hans og reiðuféð, [...] kr., sem lagt hafði verið hald á við húsleitina á heimili hans degi fyrr. Þann [...] var stefnandi aftur yfirheyrður af lögreglu, bæði um hin ætluðu fíkniefni og um peningaúttektir B fyrir mann að nafni C. Í framhaldi, þ.e. þann [...] 2010, heimilaði stefnandi lögreglu að afla upplýsinga um sig hjá innlendum fjármálafyrirtækjum.
6. Þann [...] 2010 var stefnandi aftur yfirheyrður af lögreglu en í þetta sinn varðaði yfirheyrslan ekki ætluðu fíkniefnin, heldur peningaþvætti og auðgun vegna brotastarfsemi, sbr. samantekt lögreglu um skýrslutökuna. Skv. samantektinni greindi stefnandi frá því að B ynni við að taka reiðufé út af reikningum tiltekinna einkahlutafélaga og afhenti það C í framhaldinu. Þá var því lýst að svo virtist sem margir aðilar kæmu að úttektunum og að starfsmaður skattsins væri tengdur inni málið að auki. Stefnandi neitaði aðild og aðkomu að hinu ætlaða peningaþvætti.
7. Sama dag, þ.e. þann [...] 2010, var gæsluvarðhald yfir stefnanda framlengt með úrskurði héraðsdóms á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála og skyldi stefnandi sæta einangrun í gæsluvarðhaldinu. Í téðum úrskurði var tiltekið að það væri mat lögreglu að stefnandi væri undir rökstuddum grun um stórfellt fíkniefnabrot, sbr. 173. gr. a, enda hefði hann játað aðild sína þar, en að auki væri hann undir rökstuddum grun um peningaþvættisbrot, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn um gæsluvarðhald yfir stefnanda með vísan til forsendna, sbr. dóm Hæstaréttar [...] 2010 í máli nr. [...].

8. Þann [...] 2010 var gæsluvarðhald yfir stefnanda enn framlengt með úrskurði héraðsdóms, enn á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála og enn skyldi stefnandi sæta einangrun. Í úrskurði héraðsdóms er tiltekið að meint sakarefni séu stórfellt fíkniefnabrot og peningabætti. Skyldi stefnandi sæta gæsluvarðhaldi til [...] 2010.
9. Þann [...] 2010, var stefnanda sleppt úr haldi. Hafði hann þá samtals setið í gæsluvarðhaldi í 22 daga, þar af í 10 daga á lögreglustöðinni á [...] og síðan 12 daga í fangelsinu að [...], sbr. fyrirliggjandi staðfestingu Fangelsismálastofnunar ríkisins. Sama dag og stefnandi losnaði úr haldi var kveðinn upp úrskurður í héraðsdómi þar sem lögreglu var heimiluð hlustun og hljóðritun fjarskipta hans, allt til [...] 2010. Þá liggur fyrir í málinu endurrit yfirheyrslu yfir stefnanda sama dag, þ.e. þann [...]2010 þar sem hann var yfirheyrður um bæði fíkniefnabrotið og um ætlað peningabætti hvað varðar úttektir B á reiðufé af reikningum fyrirtækja, sem B að hafa afhent C.
10. Þann [...] 2013 var stefnanda tilkynnt af lögreglu að símhlustun og hljóðritun fjarskipta hefði farið fram í samræmi við úrskurð héraðsdóms. Þá var stefnanda tilkynnt af Ríkissaksóknara þann [...] 2016 að rannsókn lögreglu á meintu broti hans gegn 264. gr. almennra hegningarlaga hefði verið felld niður þar sem það sem fram hefði komið við rannsóknina þætti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Stefnandi var hins vegar ákærður fyrir brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum og síðan sakfelldur með dómi Héraðsdóms [...] þann [...] 2017 í máli S-[...] og dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar. Var þó sérstaklega tekið fram að vegna stórfellds dráttar á málsmeðferðinni væri ákveðið að fresta skyldi fullnustu refsingarinnar og félli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Í sama dómi voru [...] aðrir einstaklingar dæmdir til refsingar en allir sakborningar aðrir en stefnandi voru sakfelldir fyrir háttsemi sem talin var varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi í máli [...] staðfesti Landsréttur sakfellingu og refsingu stefnanda.
11. Stefnanda var synjað um gjafsókn með bréfi Dómsmálaráðuneytisins [...] 2019 með vísan til þess að ekki lægi þá fyrir hvort leitað hefði verið eftir afstöðu ríkislögmans til

samkomulags í málinu. Með bréfi lögmans stefnanda dags. [...] 2020 var óskað eftir sáttaviðræðum við stefnda vegna uppgjörs á skaða- og miskabótum til handa stefnanda. Með bréfi dags. [...] 2020 var bótakröfu stefnanda hafnað af stefnda. Við aðalmeðferð gaf stefnandi aðilaskýrslu.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

12. Stefnandi byggir á að aðstaða sú sem hann bjó við í gæsluvarðhaldi á tímabilinu [...] 2010 til [...] s.á. hafi verið óviðunandi og að honum hafi verið haldið í gæsluvarðhaldi að ósekju frá [...] til [...], þ.e. í samtals 17 daga, þar sem hann sætti einangrun allan tímann.
13. Gæsluvarðhaldið hafi í fyrstu grundvallast á rannsókn á fíkniefnabroti hans en við framlengingu þess í tvígang grundvallast á rannsókn á meintum peningaþvættisbrotum hans en fjölmargir aðrir sakborningar hafi verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald við rannsókn sama máls. Fíkniefnabrotið hafi stefnandi játað áður en hann var úrskurðaður í framhaldsgæsluvarðhald þann [...] 2010 og síðan dæmdur fyrir það. Frelsisskerðingin hafi reynst stefnanda þungbær enda þungt að vera borinn svo alvarlegum sökum. Gæsluvarðhaldsvistin og einangrunin hafi reynst honum sérstaklega óbærileg í ljósi aðstæðna en honum hafi verið haldið í litlum fangaklefa á lögreglustöðinni á [...]. Ónæði hafi verið mikið og aðstaðan ekki mannsæmandi.
14. Stefnandi reisir kröfur sínar á XXXIX. kafla laga um meðferð sakamála og 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár. Ekki hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi framið þann refsiverða verknað sem gæsluvarðhaldsúrskurðir beindust að og þ.a.l. hafi lögmæt skilyrði þvingunarráðstafana ekki verið uppfyllt. Þrátt fyrir að í kröfum um gæsluvarðhald dags. [...] og [...] 2010 hafi verið talið að ástæða kröfunnar væri bæði brot gegn 173. gr. a og 264. gr. almennra hegningarlaga, hafi verið augljóst að það hafi aðeins verið vegna meints brots gegn peningaþvætti sem hann var látinn sæta gæsluvarðhaldi. Hafi hann því orðið fyrir stórfelldum miska af hálfu íslenskra yfirvalda sem beri ábyrgð á tjóni hans enda hefði gæsluvarðhaldið ekki komið til nema fyrir rannsókn á meintu peningaþvætti. Rannsókn þess brots hafi ekki leitt til sakfellingar.

15. Ekki nægi íslenska ríkinu að vísa til sakfellingar stefnanda fyrir afbrot sem í raun hafi verið ótengt rannsóknaraðgerðunum. Slíkt myndi ýta undir misnotkun á rannsóknaraðgerðum og víkka heimildir lögreglu til notkunar á slíkum aðgerðum langt út fyrir þau mörk sem lög heimili.
16. Stefnandi byggir á 1. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála þar sem fram kemur að maður sem borinn er sökum eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður en bæturnar séu vegna aðgerða skv. IX.-XIV. kafla laganna. Í 5. mgr. sé kveðið á um bætur fyrir fjártjón og miska. Með vísan til efnis ákvæðisins og gagnályktun af athugasemdum í greinargerð frumvarps til laga um meðferð sakamála sé um að ræða hlutlæga bótaskyldu hins opinbera sem geri ekki kröfu til saknæmrar eða ólögmetrar háttsemi.
17. Stefnandi byggir á því að hann hafi með engu móti valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, sbr. 2. ml. 2. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála. Aðkoma hans að meintum peningabættisbrotum hafi engin verið, hann hafi verið samvinnuþýður á rannsóknarstigi og greint satt og rétt frá við yfirheyrslur. Ákvæðið sé túlkað þröngt með vísan til 5. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
18. Þá telur stefnandi sig eiga rétt á bótum vegna þess hvar gæsluvarðhaldið fór fram, þ.e. í fangaklefa á lögreglustöðinni á [...]. Þágildandi lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005 hafi einungis heimilað vistun gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu í skamman tíma, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður væru fyrir hendi, sbr. einnig 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár. Stefnanda hafi verið haldið lengur en fjóra daga í gæsluvarðhaldi á lögreglustöðinni á [...] og engar ástæður til staðar sem hafi leyft undantekningu frá framangreindri meginreglu. Þetta eigi við þrátt fyrir að talið yrði að gæsluvarðhald hans hafi einvörðungu varðað brot hans gegn 173. gr. a og þannig réttlætt gæsluvarðhaldið.
19. Stefnandi byggir á að krafa hans sé ekki fyrnd. Skaðabótakröfur fyrnist almennt á fjórum árum eftir að tjónþoli fái nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt og þann sem ber ábyrgð á

því, sbr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Rannsókn lögreglu hafi staðið yfir í mörg ár og ekki unnt að höfða mál þetta fyrir en að loknum málaþrengingum ákærvalds þegar stefnandi hafi verið sakfelldur í Héraðsdómi [...] þann [...] 2017 og í Landsrétti þann [...] 2018. Beri að miða við síðari dagsetninguna sem fyrsta möguleika stefnda til að móta kröfu sína og bótakrafa hans sé því ekki fyrnd.

20. Stefnandi krefst miskabóta vegna gæsluvarðhalds og einangrunarvistar í 22 daga en aðstæðurnar í varðhaldinu hafi að auki ekki verið mannsæmandi. Hann hafi neitað allri aðkomu að peningaþvættisþætti málsins, sá þáttur síðan verið felldur niður hvað hann varðaði en hann síðar ákærður fyrir smávægilegt fíkniefnabrot. Skilyrði gæsluvarðhalds skv. 1. mgr. 95. gr., hafi ekki verið fyrir hendi enda enginn rökstuddur grunur um aðild hans að meintu peningaþvættisbroti og engin hætta á að hann myndi torvelda rannsókn eða spilla sönnunargögnum.
21. Þá byggir stefnandi á því að hann hafi fengið tilkynningu [...] 2013 um að hlustun og hljóðritun fjarskipta hefði farið fram í tengslum við rannsókn á meintum peningaþvættisbrotum hans. Skilyrði þeirrar símahlustunar hafi ekki verið fyrir hendi og beri einnig að bæta. Þá telur stefnandi einnig að rannsóknaraðgerð lögreglu sem byggir á heimild hans til lögreglu, dags. [...] 2010, til að afla allra upplýsinga frá innlendum fjármálafyrirtækjum um bankareikninga hans o.fl., hafi augljóslega komið til vegna gruns um peningaþvættisbrot og hefði ekki farið fram vegna gruns um fíkniefnabrot eins og það sem stefnandi var sakfelldur fyrir. Því hafi skilyrði fyrir rannsóknaraðgerðum lögreglu ekki verið fyrir hendi og beri að bæta stefnanda.
22. Bótakrafa stefnanda að fjárhæð 7.900.000 kr. lúti að því að hann hafi verið látinn sæta gæsluvarðhaldi, þurft að þola símahlustun sem og þola rannsókn lögreglu á fjárhagsupplýsingum hans. Þá er krafist vaxta og dráttarvaxta. Stefnandi telur aðstæður vistunar hans hafa verið óviðunandi og að hann hafi sætt gæsluvarðhaldi og einangrun að ósekju í 17 daga. Miski vegna gæsluvarðhalds og einangrunar sé skv. dómaframkvæmd 350.000 kr. fyrir hvern dag en vegna símahlustunar og rannsókna á fjárhagsupplýsingum gerir stefnandi kröfu um 100.000 kr. fyrir hvora rannsóknaraðgerðina. Stefnandi byggir

miskabótakröfu sína einnig á drætti á meðferð málsins þar sem stefnandi hafi notið réttarstöðu grunaðs manns í langan tíma með óvissu um málalok.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

23. Stefndi krefst sýknu þar sem allar þær þvingunaraðgerðir sem stefnandi hafi mátt sæta af hálfu lögreglu í tengslum við rannsókn málanna á hendur honum hafi verið lögmætar og aðbúnaður hans í gæsluvarðhaldi verið viðunandi og honum hafi ekki verið haldið jafn lengi og fullyrt sé í stefnu. Miskabætur verði ekki dæmdar á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga eða tilvísaðs ákvæðis stjórnarskrár.
24. Skilyrði 1. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála séu óuppfyllt en teljist bótaréttur hafa skapast á grundvelli 246. gr. beri að fella niður bætur með vísan til 2. ml. 2. mgr. 246. gr. þar sem stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðunum.
25. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi verið handtekinn vegna gruns um stórfellt fíkniefnamisferli þegar mikið magn fíkniefna fannst á heimili hans. Krafa um gæsluvarðhald og einangrun hafi byggst á rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Héraðsdómur hafi fallist á kröfuna og öll lögmælt skilyrði handtöku og gæsluvarðhalds í einangrun hafi verið fyrir hendi við upphaf þeirra aðgerða sem stefnandi hafi mátt sæta. Þá hafi við rannsókn málanna vaknað grunur um þátttöku stefnanda í brotum B sem hafði verið þátttakandi í peningaþvætti. Sá grunur hafi m.a. vaknað vegna 550.000 kr. sem stefnandi kvaðst eiga og geymdi í reiðufé á heimili sínu og B en framburðum þeirra hafi ekki borið saman um tilurð þeirra fjármuna, í skýrslutökum. Bæði hafi fíkniefna- og peningaþvættismálin tengst umfangsmikilli glæpastarfsemi sama aðila, C, og hvorugt málanna hafi getað talist upplýst fyrir en náðst hafði að handtaka og yfirheyra þann aðila. Mótmælir stefndi því að stefnandi hefði aldrei verið settur í gæsluvarðhald ef hann hefði ekki verið til rannsóknar vegna meintra peningaþvættisbrota.
26. Stefndi vísar til þess að lögmælt skilyrði gæsluvarðhalds hafi verið fyrir hendi allt þar til stefnanda var sleppt úr gæsluvarðhaldi þann [...] 2010 og að gæsluvarðhaldið hafi ekki síður verið vegna rannsóknar fíkniefnamálsins sem stefnandi var síðar sakfelldur fyrir en

vegna peningaþvættismálsins sem hann átti ekki aðild að. Það sé í samræmi við úrskurði héraðsdóms vegna gæsluvarðhaldsins og dóm Hæstaréttar [...] 2010 í máli nr. [...] til staðfestingar á gæsluvarðhaldsúrskurði héraðsdóms [...] 2010.

27. Stefndi bendir á að stefnandi hafi fjórum sinnum verið yfirheyrður meðan á gæsluvarðhaldi hans stóð og hafi aðeins ein yfirheyrslan, þ.e. [...], verið vegna rannsóknar peningaþvættismálsins en hinar hafi allar varðað rannsókn fíkniefnamálsins sem stefnandi hafi síðar verið sakfelldur fyrir. Ekki er því fallist á að gæsluvarðhald og einangrun stefnanda hafi að meginstefnu verið vegna rannsóknar á peningaþvættinu heldur vegna fíkniefnamálsins.
28. Stefndi byggir á því að aðgerðir lögreglu hafi ekki verið tilefnislausar heldur í fullu samræmi við fyrirmæli laga nr. 88/2008 og ekki unnt að líta svo á að játning stefnanda á fíkniefnabroti hans áður en hann var úrskurðaður í framhaldsgæsluvarðhald þann [...] 2010 hafi orðið til þess að málið teldist að fullu upplýst. Enn hafi verið hætta á að hann hefði getað torveldað rannsóknina og haft áhrif á samseka. Lögmælt skilyrði gæsluvarðhalds og einangrunar hafi verið fyrir hendi til 6. október enda úrskurðir kveðnir upp af þar til bærum dómstól. Stefnandi geti því hvorki byggt nokkurn bótarétt á 26. gr. skaðabotalaga né 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, varðandi það að skilyrði gæsluvarðhalds hafi skort á gæsluvarðhaldstímanum. Stefnandi geti heldur ekki byggt á hlutlægni bótareglu í 246. gr. laga um meðferð sakamála enda hafi hann verið sakfelldur fyrir eitt af þeim brotum sem voru grundvöllur gæsluvarðhaldsvistarinnar. Þá byggir stefndi á því að ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að gæsluvarðhaldið, eða einhver hluti þess, hafi einungis komið til vegna rannsóknar lögreglu á aðild stefnanda að peningaþvætti, þá verði að telja þann bótarétt niður fallinn með vísan til 2. másl. 2. mgr. 246. gr. því stefnandi hafi sjálfur komið sér í þá stöðu að tengjast umfangsmiklu peningaþvætti og fíkniefnamisferli og hafði næg tækifæri til að tilkynna um brotin til lögreglu og koma sér úr aðstæðunum. Framburður hans um reiðuféð sem fannst á heimili hans hafi einnig verið misvísandi og hann stuðlað sjálfur að aðgerðunum gegn sér.

29. Stefndi mótmælir því að aðbúnaður stefnanda hafi ekki verið viðunandi á gæsluvarðhaldstímanum. Vist stefnanda hafi ekki alfarið farið fram í fangaklefa á lögreglustöðinni á [...], heldur hafi hann einungis verið vistaður þar í 10 daga en síðan á [...]. Þó svo að vistun stefnanda hafi verið lengur en í fjóra sólarhringa, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, hafi sérstakar ástæður verið fyrir hendi, líkt og ákvæðið heimili. Umfangsmikil mál hafi verið til rannsóknar hjá lögreglu og margir sakborningar í gæsluvarðhaldi. Þrátt fyrir tilraunir hafi ekkert annað vistunarúrræði fundist fyrir en [...] en gripið hafi verið til mótvægisáðgerða í kjölfarið, t.a.m. að heimila sturtuferðir, aðgang að gangi og sjónvarpi o.s.frv. Stefndi bendir á að ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi verið vistaður of lengi á lögreglustöðinni að [...] þá geti það einungis átt við tímabilið [...], þ.e. umfram heimila fjóra sólarhringa, sbr. 4. mgr. 3. gr. þágildandi laga um fullnustu refsinga.
30. Stefndi bendir á að stefnandi hafi sjálfur heimilað rannsóknaraðgerðir lögreglu varðandi bankaupplýsingar og ljóst að rannsóknaraðgerðin fór fram í tengslum við rannsókn á fíkniefnamisferlinu sem stefnandi var síðar sakfelldur fyrir. Slíkt sé eðlileg aðgerð í tengslum við rannsókn á meintum fíkniefnainnflutningi og -sölu. Samantekt úr yfirheyrslum [...] og [...] styðji þá niðurstöðu en skýrslurnar hafi báðar varðað aðallega fíkniefnafundinn á heimili stefnanda. Um úrskurð héraðsdóms sem heimilaði lögreglu hlustun og hljóðritun fjarskiptasamskipta stefnanda þann [...] 2010, þá hafi sú aðgerð komið til vegna rannsóknar lögreglu á broti stefnanda gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum, svo sem gögn málsins beri með sér. Skilyrði 1. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála séu ekki uppfyllt enda hafi stefnandi verið sakfelldur fyrir það fíkniefnabrot sem var tilefni aðgerðanna. Aðgerðirnar hafi ekki verið ólögmatar og skilyrði 26. gr. skaðabótalaga því ekki uppfyllt. Stefnandi eigi því ekki rétt til miskabóta úr hendi stefnda vegna símhlustunar eða öflunar upplýsinga um bankaviðskipti o.fl.
31. Stefnandi var sakfelldur í Héraðsdómi [...] [...] 2017 og í Landsrétti [...] 2018 fyrir brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Allar þvingunarráðstafanir sem hann hafi mátt sæta hafi verið lögmatar að fullu og megi rekja til rannsóknar þess brots sem hann var síðar sakfelldur fyrir. Eigi hann því ekki rétt til bóta vegna þeirra. Stefndi mótmælir að

miða skuli við [...] 2018 sem fyrsta möguleika fyrir stefnanda að móta miskabótakröfu sína á hendur stefnda. Fallist dómurinn á að stefnandi eigi rétt til bóta vegna vistunar við óviðunandi aðstæður á lögreglustöðinni að [...] byggir stefndi á því að miða verði upphaf fyrningarfrests miskabóta við það tímamark sem stefnandi var fluttur á [...], þ.e. [...] 2010. Fyrningarfrestur miskabóta sé 10 ár, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, málið hafi verið höfðað með birtingu stefnu þann [...] 2021. Krafan um miskabætur vegna vistunar við óviðunandi aðstæður á lögreglustöð hafi fyrnst [...] 2020.

32. Fallist dómurinn á það með stefnanda að gæsluvarðhaldið frá [...] 2010, sem og símhlustun og upplýsingaöflun bankagagna, hafi komið til vegna rannsóknar á meintu broti stefnanda gegn 264. gr. almennra hegningarlaga, sé ljóst að miða skuli upphaf fyrningarfrests við [...] 2016, þ.e. það tímamark þegar stefnanda var tilkynnt um að rannsókn málsins væri lokið án útgáfu ákæru.

33. Þá bendir stefndi á að vextir fyrnist á fjórum árum og beri að lækka vaxtakröfu stefnanda að því leyti sem hún telst fyrnd, verði fallist á bótakröfu stefnanda.

34. Stefndi byggir varakröfu sína um lækkun á dómkröfum stefnanda í fyrsta lagi á því að bótakrafan sé of há og í engu samræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Í öðru lagi byggir stefndi varakröfu sína um lækkun á 2. ml. 2. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála þar sem stefnandi hafi valdið eða a.m.k. stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á. Í þriðja lagi byggir stefndi varakröfu sína um lækkun á sömu málsástæðum og sýknukröfu sína, svo sem varðandi fjölda bótaskyldra daga í gæsluvarðhaldi og fyrningu.

Niðurstaða

35. Í máli þessu er deilt um hvort skilyrði miskabóta séu til staðar vegna rannsóknaraðgerða sem stefnandi þurfti að þola vegna rannsóknar lögreglu á annars vegar peningþvættisbroti gegn 264. gr. almennra hegningarlaga og hins vegar stórfelldu fíkniefnalagabroti gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Rannsóknaraðgerðirnar sem um ræðir voru í fyrsta lagi

gæsluvarðhald sem stefnandi sat í frá [...] til [...] 2010. Í öðru lagi var um að ræða hlustun og hljóðritun fjarskipta sem stefnandi sætti frá [...] til [...] 2010. Í þriðja lagi var um að ræða heimild sem stefnandi veitti lögreglu þann [...] 2010 til að afla upplýsinga um bankaviðskipti sín. Ágreiningurinn stendur um það hvort rannsóknaraðgerðirnar hafi grundvallast m.a. á broti stefnanda gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum en hann var sakfelldur fyrir það brot með dómi og þar með séu lagaskilyrði til greiðslu bóta ekki uppfyllt, eða hvort rannsóknaraðgerðirnar hafi komið til vegna rannsóknar lögreglu á ætluðu broti stefnanda gegn 264. gr. almennra hegningarlaga en sá þáttur málsins var felldur niður gagnvart stefnanda þann [...] 2016. Þá krefst stefnandi einnig bóta vegna þess að hann var í gæsluvarðhaldinu vistaður við óviðunandi aðstæður í fangaklefa á lögreglustöðinni að [...] umfram fjóra sólarhringa, í trássi við fyrirmæli þágildandi 4. mgr. 3. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Um gæsluvarðhald stefnanda.

36. Skilyrði þess að stefnandi eigi rétt til bóta skv. 1. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála vegna gæsluvarðhalds, eru þau að mál hans hafi verið fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi. Í máli þessu var þvingunaraðgerðum, þ.m.t. gæsluvarðhaldi, beint gegn stefnanda vegna rannsóknar lögreglu á annars vegar ætluðu stórfelldu fíkniefnabroti gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum, sem hann var síðar sakfelldur fyrir með dómi, og hins vegar vegna ætlaðs peningaþvættisbrots gegn 264. gr. almennra hegningarlaga sem felld var niður gagnvart honum. Aðrir sakborningar sem voru til rannsóknar vegna sömu brota, þ.m.t. B, voru sakfelld með sama dómi, öll nema stefnandi fyrir peningaþvætti og sumir að auki fyrir stórfelld fíkniefnabrot. Við mat á því hvort skilyrði 246. gr. laga um meðferð sakamála séu uppfyllt ber því að líta til þess hvort rannsóknaraðgerðirnar, þ.m.t. gæsluvarðhaldið, sem stefnandi sætti hafi ekki komið til vegna rannsóknar á broti gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum heldur vegna rannsóknar á ætluðu broti gegn 264. gr. s.l. sem síðar var felld niður gagnvart stefnanda.

37. Í málinu liggja fyrir þrjú gæsluvarðhaldsúrskurðir yfir stefnanda. Í þeim fyrsta er grundvöllurinn skv. kröfu lögreglu um gæsluvarðhald ætlað brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Í úrskurði héraðsdóms er vísað til þess að húsleit á heimili

stefnanda og B hafi farið fram í tengslum við rannsókn lögreglu á stórfelldum ætluðum brotum gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga og 264. gr. almennra hegningarlaga en að í þeirri húsleit hafi fundist [...] kg af hassi og því sé stefnandi í kjölfarið undir rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum, þ.e. að hafa vitandi vits geymt mikið magn fíkniefna á heimili sínu og B. Eftirfarandi gæsluvarðhaldsúrskurðir þar sem gæsluvarðhald yfir stefnanda var tvívegis framlengt, bæði þann [...] og [...] 2010, byggja báðir á því að stefnandi hafi verið undir rökstuddum grun um bæði stórfellt fíkniefnabrot, sbr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum, og um peningaþvættisbrot skv. 264. gr. almennra hegningarlaga. Enginn fyrirbyggjandi úrskurða gæsluvarðhalds á hendur stefnanda varðaði þannig einungis ætlað peningaþvættisbrot.

38. Þann [...] 2010 var stefnandi látinn laus úr gæsluvarðhaldi og þann sama dag var kveðinn upp úrskurður um hlustun og hljóðritun fjarskiptagagna í Héraðsdómi [...]. Í þeim úrskurði er alfarið vísað til rannsóknar lögreglu á innflutningi á fíkniefnum, sbr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum, en ekkert til ætlaðs peningaþvættisbrots skv. 264. gr. almennra hegningarlaga. Þykir dómnum þar með komin fram fullnægjandi sönnun þess að allt fram til þess dags að stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hafi hann verið til rannsóknar fyrir það brot sem hann síðan var sakfelldur fyrir, þ.e. fyrir brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum og að rannsóknaraðgerðirnar, þ.m.t. gæsluvarðhald, sem hann var látinn sæta hafi ekki alfarið eða að meginstefnu beinst að ætluðum peningaþvættisbrotum gegn 264. gr. almennra hegningarlaga.

39. Það er mat dómsins með vísan til ofangreinds og þegar litið hefur verið til dómafordæma um gæsluvarðhaldsúrskurði er varða ætluð brot gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum og er varða kannabisefni, að sýnt hafi verið fram á það að hálfu stefnda að rannsóknaraðgerðirnar, þ.m.t. gæsluvarðhöldin sem stefnandi var úrskurðaður í, hafi komið til vegna brota gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Ekki verði greint á milli að einhver hluti tímalengdar gæsluvarðhaldsins hafi aðeins varðað peningaþvættisbrotið en ekki stórfellda fíkniefnalagabrotið.

40. Þá er til þess að líta að á meðan stefnandi sat í gæsluvarðhaldi var rannsókn lögreglu fram haldið án sjáanlegra tafa. Samantektarskýrslur yfirheyrslna stefnanda bera allar nema ein sama málanúmer þar sem ætlað brot er skráð „fíkniefni, stórfellt brot gegn lögum um ávana og fíkniefni“. Er þannig sýnt fram á, til viðbótar við ofangreinda umfjöllun, að meginþunginn í rannsókn lögreglu laut að ætluðu fíkniefnabroti hvað stefnanda varðar. Í kjölfar seinustu yfirheyrslunnar var stefnanda síðan sleppt fyrir úr haldi þó svo að það skyldi skv. úrskurðinum standa tveimur sólarhringum lengur. Þá fannst á heimili hans mikið magn fíkniefna, auk reiðufjár og gekkst hann við vörslum bæði fíkniefnanna og reiðufjárins. Verður því lagt til grundvallar að fyrir hendi hafi verið augljósir rannsóknarhagsmunir af þeim aðgerðum sem gripið var til, jafnvel þó að einungis yrði litið til hins stórfellda fíkniefnalagabrots. Stefnandi hélt því sjálfur fram í yfirheyrslum að fíkniefnin sem fundust á heimili hans væru í eigu C sem síðan var sakfelldur fyrir peningaþvætti og stórfellt fíkniefnalagabrot með framangreindum dómi héraðsdóms í máli S- [...]. Á þeim tíma sem um ræðir hafi þannig mátt ætla að stefnandi hefði getað torveldað rannsókn málsins og að þær rannsóknaraðgerðir sem gripið var til í heild í málinu hafi verið hefðbundnar rannsóknaraðgerðir þegar fundist hafa [...] kg kannabisefna við húslleit.
41. Líkt og að framan greinir var stefnandi fundinn sekur um stórfellt fíkniefnalagabrot, sbr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum, með dómi Héraðsdóms [...] í máli nr. S- [...] og dæmdur í fangelsi í þrjá mánuði en skv. ákvörðun dómsins var refsingin skilorðsbundin gagnert vegna þess dráttar sem varð á rannsókn málsins frá og með árinu 2011. Það er mat dómsins að ákvörðun refsingar stefnanda í nefndum dómi, utan skilorðsbindingarinnar sem til kom af öðrum ástæðum, hafi fyllilega verið til samræmis við þyngd refsinga í málum af sambærilegum toga á sama tíma. Af ákvörðun refsingar stefnanda má ráða að lengd gæsluvarðhalds hans á rannsóknarstigi hafi ekki verið umfram þau sjónarmið sem gæta skal að skv. 3. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. að stefnandi hafi hvergi nærri verið látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur, hvað ætlað brot gegn 173. gr. a varðaði, en sýnt þætti að fangelsisrefsing yrði dæmd, en hann sat samtals í gæsluvarðhaldi í 22 daga. Er þannig ekki fallist á málsástæður stefnanda að lengd eða grundvöllur gæsluvarðhaldsins hafi tekið mið af ætluðu peningaþvættisbroti sem síðar var fellt niður gagnvart honum og að fíkniefnabrotið hefði ekki verið grundvöllur gæsluvarðhaldsins.

42. Með heildarmati á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. kröfum lögreglu um gæsluvarðhöld, gæsluvarðhaldsúrskurðum, samantektum yfir skýrslutökur stefnanda og úrskurðum sem heimiluðu aðrar rannsóknaraðgerðir, er það niðurstaða dómsins að sýnt hafi verið fram á að rannsókn lögreglu á stórfelldum fíkniefnalagabrotum, sbr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum hafi verið grundvöllur aðgerðanna sem stefnandi sætti. Ekki er þar með fallist á að gæsluvarðhald stefnanda hefði orðið styttra eða ekki komið til nema fyrir rannsókn á ætluðu peningaþvættisbroti sem fellt var niður. Í því sambandi verður heldur ekki fram hjá því litið að úrskurður um hlustun og hljóðritun fjarskiptasamskipta stefnanda þann [...] 2010, þ.e. þegar hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, staðfestir að á þeim tímapunkti var allur þungi rannsóknarinnar á fíkniefnalagabrotinu enda er í þeim úrskurði aðeins byggt á brotum gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Ekki er því fallist á að lagaskilyrði miskabóta sem stefnandi byggir á séu uppfyllt varðandi gæsluvarðhaldið.

Um hlustun og hljóðritun fjarskipta og heimild til að afla bankaupplýsinga

43. Með sömu rökum og að ofan greinir er það niðurstaða dómsins að aðrar rannsóknaraðgerðir lúti sömu sjónarmiðum og gæsluvarðhaldið. Ekki hafi verið sýnt fram á að þær rannsóknaraðgerðir hafi eingöngu varðað rannsókn á ætluðu peningaþvætti heldur hafi þær ekki síður varðað rannsókn á hinu stórfellda fíkniefnalagabroti sem stefnandi var síðar sakfelldur fyrir. Raunar byggir úrskurður héraðsdóms um hlustun og hljóðritun fjarskiptasamskipta þann [...] 2010 eingöngu á rannsókn á broti gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Það teljast enda hefðbundnar rannsóknaraðgerðir lögreglu við rannsókn á stórfelldum fíkniefnabrotum, í kjölfar þess að [...] kg af hassi finnist við húsleit, að óska úrskurðar dómstóla um hlerun og hljóðritun á fjarskiptasamskiptum sem og að afla bankaupplýsinga sem stefnandi aukinheldur heimilaði lögreglu sjálfur.

Um aðbúnað í fangaklefa á lögreglustöðinni að [...]

44. Stefnandi gerir kröfu um greiðslu bóta vegna þess aðbúnaðar sem hann þurfti að þola vegna vistunar í fangageymslum lögreglu á lögreglustöðinni að [...]. Í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 49/2005, sem gildi á þeim tíma sem hér um ræðir, er heimild til að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, ef aðstæður leyfa, en þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sbr. nú 4. mgr.

17. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Það er mat dómsins að aðbúnaður stefnanda í gæsluvarðhaldsvistinni í fangaklefanum á [...], eins og honum er lýst í stefnu og aðilaskýrslu fyrir dómi og ekki hefur verið hnekkt af stefnda, hafi verið með þeim hætti að óverjandi var að vista stefnanda þar lengur en fjóra sólarhringa. Þá er aðbúnaðnum lýst á sambærilegan máta og lagt var til grundvallar í dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann [...] 2017 í máli nr. [...], sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

45. Er til þess að líta að samkvæmt 68. gr. stjórnarskrárinnar má engan beita ómannúðlegri meðferð. Af fyrirbyggjandi vistunarskýrslu má ráða að stefndi hafi engan reka gert að því fyrir en [...] að finna annað vistunarræði fyrir stefnanda en þá voru þegar liðnir þeir fjórir sólarhringar sem ákvæðið heimilar. Verður þannig ekki talið að skilyrði ákvæðisins um sérstakar ástæður þess að heimilt væri að víkja frá tímamörkum ákvæðisins hafi verið uppfyllt í umrætt sinn og skilyrði b liðar 26. gr. skaðabótalaga því uppfyllt til greiðslu bóta vegna aðbúnaðar stefnanda í gæsluvarðhaldsvistinni í fangaklefa á lögreglustöðinni að [...].

46. Hins vegar telst bótakrafa stefnanda hvað þetta varðar fyrnd, að virtu niðurlagi 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 en fyrningarfrestur hófst [...] 2010 þegar stefnandi losnaði úr gæsluvarðhaldi. Í þessu sambandi verður ekki fallist á að fyrningarfrestur hefjist á seinna tímamarki, þ.e. við niðurfellingu hluta máls stefnanda eða við uppkvaðningu endanlegs dóms yfir honum, enda er bótakrafan vegna aðbúnaðar í fangaklefa að [...] í raun alls ótengd úrslitum sakamálanna sem rannsökuð voru á hendur honum.

47. Með vísan til alls þess er að framan greinir er stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar við rekstur málsins fyrir héraðsdómi samkvæmt gjafsóknarleyfi útgefnu [...] 2021. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ómars Arnar Bjarnþórssonar, sem þykir með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem nánar greinir í dómsorði, en við þá fjárhæð bætist virðisaukaskattur.

48. Af hálfu stefnanda flutti málið Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður. Dóm þennan kveður upp Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari.

DÓMSORÐ

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ómars Arnar Bjarnþórssonar, að fjárhæð 1.562.500 krónur.

Sigríður Rut Júlíusdóttir